

Hveragerðisbær
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Sunnmörk 2
810 Hveragerði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 6. júní 2016
UST201604-121/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005 – 2017.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hveragerðisbæjar er barst 19. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Hveragerðisbæjar.

Íbúðabyggð

Umhverfisstofnun tekur undir þá þéttingu byggðar og uppbyggingu aðliggjandi svæða sem boðuð er í lýsingu. Einnig tekur stofnunin undir áherslu á lágreista byggð og gott aðgengi allra.

Að mati Umhverfisstofnunar koma skýrt fram þau markmið er höfð verða að leiðarljósi við væntanlega endurskoðun aðalskipulagsins. Einnig telur stofnunin áætlun um umhverfismat væntanlegs aðalskipulags vera skýra.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur